Léttkaup

02.10.2026

Með Léttkaupum í Síminn Pay appinu er hægt að fresta greiðslu í 14 daga og dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði.

Þú sækir um Léttkaupskort í Síminn Pay appinu og greiðir með því hjá söluaðilum. Þá hefur þú allt að 14 daga til að greiða fyrir vöruna eða dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði. Lágmarksupphæð sem hægt er að dreifa er 15.000 krónur og er hægt að dreifa því á allt að 3 mánuði, en hver reikningur þarf að vera að lágmarki 5000 krónur.

Hvernig sæki ég um Léttkaupskort?

Eftir að þú nærð í appið og skráir þig inn með rafrænum skilríkjum þá smellir þú á "Veski" og ýtir á plúsinn.

Hvað ákvarðar heimild á Léttkaupskortinu?

Umsókn tekur til ýmissa þátta, t.d. lánshæfismats sem reiknar lánshæfi viðskiptavina út frá gögnum frá Credit Info.

Hvað þýðir ef Léttkaup eru ekki samþykkt?

Ef Léttkaupsumsókn er ekki samþykkt

Viðskiptavinur uppfyllir ekki þau viðmið sem Síminn Pay gerir um lánshæfi.

Ef Léttkaupsfærsla er ekki samþykkt

Það getur verið vegna þess að viðskiptavinur hefur ekki næga heimild til staðar eða er þegar með hámarksfjölda virkra lána.

Viðskiptavinur getur að hámarki verið með fimm virk lán í einu og gæti því þurft að greiða upp eitt eða fleiri lán áður en hægt er að taka nýtt lán.

Hvernig læt ég fjarlægja mig af vöktun (CreditInfo)?

Vöktun hjá Símanum Pay hættir sjálfkrafa þegar þú hefur greitt upp allar þjónustur og virku viðskiptasambandi lýkur. Vöktun er því aðeins virk á meðan viðskiptasamband er til staðar.

Ef vöktun er enn virk eftir að viðskiptasambandi hefur verið lokið getur þú haft samband við okkur og við sjáum til þess að hún verði afvirkjuð.

Vöktun hefur ekki neikvæð áhrif á lánshæfismat
Vöktunin er virk á meðan viðskiptasamband er til staðar.

Hvar sé ég greiðslufrest og lánin mín á Léttkaupum?

Hvernig á að dreifa greiðslum?

Eftir að þú hefur verslað með Léttkaupum, þá getur þú fylgt þessum skrefum til þess að dreifa greiðslunum.

Hvernig greiði ég upp kröfu eða lán?

Þú getur greitt upp lán með því að fylgja þessum skrefum hér að neðan. Þegar það er komið mun greiðsluseðill vera sendur í heimabanka innan 30 mínútna.

Athugaðu!
Þú getur ekki greitt upp lán ef þú ert þegar með ógreidda kröfu fyrir hluta lánsins í heimabanka. Borgaðu útistandandi kröfuna fyrst og svo getur þú greitt upp restina af láninu.